11. nóvember 2024

Hafnarstjórnarfundur 14 . nóvember

Skipulagsdeild bæjarins hefur gert notenda- og þarfagreiningu fyrir Kópavogshöfn. Díana Berglind Vilbergsdóttir skipulagsfræðingur var fengin í verkið og hefur skilað skýrslu sem koma mun að góðum notum við þá skipulagsvinnuna sem framundan er á svæðinu. Hægt er að nálgast skýrsluna hjá Skipulagsdeild.

Komið hefur í ljós að eldri flotbryggjan í smábátahöfninni, sem er 37 ára gömul er ónýt. Nýleg skoðun leiddi í ljós að stálsúlur í burðarvirki bryggjunnar eru við það að detta í sundur vegna tæringar og ekki talið borga sig að gera við þær. Tvö tilboð hafa borist í nýja 60 metra flotbryggju ásamt uppsetningu og að fjarlægja þá gömlu. Annað tilboðið er frá Köfunarþjónustu Sigurðar, en hitt frá Köfunarþjónustunni ehf.
Um sambærilega vöru er að ræða þar sem önnur bryggjan er sænsk og hin finnsk. Ákveðið hefur verið að semja við Köfunarþjónustu Sigurðar (finnsku) sem bauð umtalsvert lægra í verkið. Heildarkostnaður er áætlaður 35-40 milljónir. Framkvæmdir munu hefjast í maí á næsta ári og áætlað er að taki innan við einn mánuð.

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Reit 13 sem liggur að smábátahöfninni fyrir framan björgunarmiðstöðina. Verða lóðamörk og göngustígur færður sem nemur u.þ.b. fimm metrum inní smábátahöfnina. Nýi kanturinn verður lóðréttari, hallar mun minna og því mun óverulega þrengjast um flotbryggjurnar og því ekki talið koma að sök.

Einnig er verið að leggja lokahönd á grjóthleðslu þar sem nýja uppfyllingin mætir endanum á norðurbryggjunni. En þar er gert ráð fyrir nýrri aðstöðu til að taka báta á land og sjósetja. Þetta er nauðsynlegt því ráðgert er að Borgarlínan komi Borgarholtsbraut, niður Bryggjuvör og við það mun núverandi aðstaða verða ónothæf. Á sama stað er gert ráð fyrir nýju uppsátri fyrir báta, að bátakerrurnar og bátarnir sem eru fyrir framan aðstöðu hafnarvarðar færist yfir höfnina og á nýju uppfyllinguna. Gert er ráð fyrir að uppsátrið verði tilbúið næsta vor.

Hvað varðar tilfærslu á hafnargarðinum, þá hefur ekkert verið ákveðið enda um töluvert mikla framkvæmd að ræða sem kosta mun hundruð milljónir króna. Úttekt sem verkfræðistofan Strendingur ehf. gerði í september síðastliðinn bendir einnig til að um 10 þúsund rúmmetra af efni muni vanta vegna aukinnar lengdar garðsins en þó aðallega aukins dýpis. Efni í garðinn liggur sem stendur ekki á lausu, en gæti gert það innan tveggja ára þegar lóðaframkvæmdir hefjast á Reit 13 sem er í stuttu færi frá garðinum.

Atli Hermannson, hafnarvörður.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026